Reykjavík, 2. nóvember 2026
VEL26100049

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Miðflokksins um heildarútgjöld Reykjavíkurborgar vegna fjárhagsaðstoðar til einstaklinga og ríkisfang notenda á fjárhagsaðstoð

Á fundi velferðarráðs þann 7. október 2026 lagði fulltrúi Miðflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Með hliðsjón af upplýsingum sem fram komu í svörum sviðsstjóra velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, dags. 1. september 2025 (VEL25060113) og dags. 29. september 2025 (VEL25090014), er óskað eftir svörum við eftirfarandi: Hver voru heildarútgjöld Reykjavíkurborgar árið 2025 vegna fjárhagsaðstoðar til einstaklinga og hver er skipting ríkisfangs þeirra sem fengu þá fjárhagsaðstoð, bæði með tilliti til fjölda og kostnaðar? Óskað er sérstaklega eftir sundurliðun af þeim þjóðernum, sem nema meira en 1% af heildarfjölda árið 2025, og hver hafi verið heildarkostnaður af hverju þjóðerni fyrir sig.

Svar:

Árið 2025 námu heildarútgjöld Reykjavíkurborgar vegna fjárhagsaðstoðar til einstaklinga 3.429 m.kr. Alls fengu 3.408 einstaklingar fjárhagsaðstoð á árinu. Útgjöld lækkuðu frá fyrra ári, en árið 2024 námu þau 4.098 m.kr., lækkunin nam því um 669 m.kr. á milli ára eða um 16%.

1. Heildarútgjöld eftir tegund greiðslu

Tegund greiðslu	**Kostnaður (m.kr.)**
Framfærslustyrkur	2.633
Heimildagreiðslur og styrkir vegna aðstæðna	244
Átaksverkefni	262
Framfærsla vegna náms	91
Greiðslur vegna barna	189
Neyðaraðstoð vegna útlendinga	10
Samtals útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar	3.429

Tafla 1. Útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar árið 2025 eftir tegund greiðslu.

Reykjavík

Fjárhæðir í töflu 1 eru birtar í milljónum króna og námundaðar að heilum milljónum.

Það má sjá skýringu á hverjum lið í viðauka.

Framfærslustyrkur var áfram stærsti útgjaldaliðurinn og nam 2.633 m.kr., eða um 76,8% heildarútgjalda. Hann lækkaði um 657 m.kr. frá árinu 2024, eða um 20,0%.

Útgjöld vegna átaksverkefna jukust úr 144 m.kr. árið 2024 í 262 m.kr. árið 2025 og heimildagreiðslur og styrkir vegna sérstakra aðstæðna úr 318 m.kr. í 244 m.kr. Greiðslur vegna barna lækkuðu úr 209 m.kr. í 189 m.kr. og neyðaraðstoð til útlendinga úr 45 m.kr. í 10 m.kr. Framfærsla vegna náms lækkaði úr 93 m.kr. í 91 m.kr.

2. Skipting eftir ríkisfangi

Tafla 2 sýnir þau ríkisföng sem voru með meira en 1% af heildarfjölda einstaklinga sem fengu fjárhagsaðstoð árið 2025. Fyrir hvert ríkisfang er sýndur fjöldi einstaklinga, hlutfall þeirra af heildarfjölda, kostnaður og hlutfall kostnaðar af heildarútgjöldum.

Ríkisfang	Fjöldi	Hlutfall fjölda	Kostnaður (m.kr.)	Hlutfall kostnaðar
Ísland	1.509	44,3%	1.401,9	40,9%
Úkraína	790	23,2%	709,3	20,7%
Palestína	206	6,0%	258,2	7,5%
Venesúela	187	5,5%	183,2	5,3%
Pólland	134	3,9%	119,3	3,5%
Afganistan	71	2,1%	92,9	2,7%
Litháen	59	1,7%	63,1	1,8%
Rúmenía	55	1,6%	54,0	1,6%
Sýrland	46	1,3%	58,4	1,7%
Írak	36	1,1%	46,8	1,4%

Tafla 2. Fjöldi einstaklinga og útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar árið 2025 eftir ríkisfangi.

Taflan sýnir aðeins ríkisföng yfir 1% mörkunum. Fjárhæðir eru námundaðar að einum aukastaf.

Íslenskir ríkisborgarar voru fjölmennasti hópurinn, alls 1.509 einstaklingar eða 44,3% af heildarfjölda. Útgjöld vegna þeirra námu 1.402 m.kr., eða 40,9% heildarútgjalda. Úkraínskir ríkisborgarar voru næstfjölmennasti hópurinn, 790 einstaklingar eða 23,2%, og námu útgjöld vegna þeirra 709 m.kr., eða 20,7%. Palestínskir ríkisborgarar voru 206, eða 6,0% heildarfjölda, og námu útgjöld vegna þeirra 258 m.kr. eða 7,5%.

Til samanburðar voru íslenskir ríkisborgarar 48,7% þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð árið 2024 og úkraínskir ríkisborgarar 20,4%. Hlutfall íslenskra ríkisborgara lækkaði um 4,4

prósentustig milli ára en hlutfall úkraínskra ríkisborgara hækkaði um 2,8 prósentustig.

3. Endurgreiðslur frá ríkissjóði

Við mat á endanlegum kostnaði Reykjavíkurborgar þarf einnig að taka tillit til endurgreiðslna frá ríkissjóði samkvæmt 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Í töflu 3 má sjá samþykktar endurgreiðslur frá ríkinu á 1. – 4. ársfjórðungi 2025.

Tímabil	a-liður (m.kr.)	b-liður (m.kr.)	Samtals (m.kr.)
1. ársfjórðungur	4	292	296
2. ársfjórðungur	5	238	243
3. ársfjórðungur	5	225	230
4. ársfjórðungur	6	333	339
Samtals 2025	20	1.088	1.108

Tafla 3. Endurgreiðslur frá ríkissjóði vegna fjárhagsaðstoðar árið 2025.

Fjárhæðir eru námundaðar að einum aukastaf.

Samþykktar endurgreiðslur frá ríkissjóði vegna ársins 2025 námu um 1.108 m.kr. Eins og fram kemur í töflu 3 voru þar af um 20 m.kr. samkvæmt a-lið og um 1.088 m.kr. samkvæmt b-lið 15. gr. Fjárhæðir í töflu 3 og þessum texta eru námundaðar að heilum milljónum króna.

Í svari VEL25060113 var gerður greinarmunur á heildarútgjöldum vegna fjárhagsaðstoðar og nettóútgjöldum eftir endurgreiðslur. Árið 2024 námu heildarútgjöld 4.098 m.kr. en nettóútgjöld eftir endurgreiðslur 2.516 m.kr. Vakin er athygli á því að vegna afgreiðslutíma uppgjöra hjá ríkinu getur verið munur á tekjum á bókhaldsárinu annarsvegar og í töflu 3 hinsvegar. Í einhverjum tilfellum eru tekjur vegna 2025 skráðar á bókhaldsár 2026, hið sama gildir um fyrri ár. Tafla 3 sýnir raunstöðu og gefur því réttustu mynd af endurgreiðslu ríkisins árið 2025.

4. Samantekt

Heildarútgjöld Reykjavíkurborgar vegna fjárhagsaðstoðar til einstaklinga námu 3.429 m.kr. árið 2025 og lækkuðu um 16,3% frá fyrra ári. Alls fengu 3.408 einstaklingar fjárhagsaðstoð á árinu. Framfærslustyrkur var stærsti útgjaldaliðurinn, eða 76,8% heildarútgjalda. Íslenskir ríkisborgarar voru 44,3% notenda og úkraínskir ríkisborgarar 23,2%. Samanlagt voru þessir tveir hópar 67,5% af heildarfjölda og 61,6% af heildarútgjöldum. Samþykktar endurgreiðslur ríkissjóðs vegna ársins námu 1.108 m.kr. Nettóútgjöld fjárhagsaðstoðar voru því 2.321 m. kr.

Viðauki: Skýringar á útgjaldaliðum

Útgjaldaliður	Lýsing
Framfærslustyrkur	Fjárhagsaðstoð til einstaklinga og fjölskyldna sem hafa ekki nægar tekjur eða aðrar bjargir til að standa undir grunnframfærslu. Styrkurinn er ætlaður til að mæta nauðsynlegum daglegum útgjöldum.
Heimildagreiðslur og styrkir vegna aðstæðna	Sérstök fjárhagsaðstoð vegna ófyrirséðra útgjalda eða erfiðra félagslegra aðstæðna. Getur meðal annars náð til kostnaðar vegna húsnæðis, heilbrigðisþjónustu, tannlækninga, útfarar og annarra brýnna þarfa.
Átaksverkefni	Fjárhagslegur stuðningur vegna þátttöku einstaklinga í sérstökum virkni-, endurhæfingar- og atvinnuúrræðum. Markmiðið er að efla félagslega þátttöku, starfsgetu og möguleika einstaklinga á að verða fjárhagslega sjálfstæðir.
Framfærsla vegna náms	Fjárhagsaðstoð til einstaklinga sem stunda nám, einkum á framhaldsskólastigi, og uppfylla sérstök skilyrði vegna félagslegra eða fjárhagslegra erfiðleika. Markmiðið er að auðvelda einstaklingum að ljúka námi og bæta framtíðarmöguleika sína á vinnumarkaði.
Greiðslur vegna barna	Fjárhagslegur stuðningur við foreldra sem þiggja fjárhagsaðstoð og hafa börn á framfæri. Greiðslurnar eru meðal annars ætlaðar til að standa undir kostnaði vegna leikskóla, daggæslu, frístundaheimila og skólamáltíða.
Neyðaraðstoð vegna útlendinga	Tímabundin fjárhagsaðstoð til erlendra ríkisborgara sem eru í brýnni neyð og geta ekki séð fyrir grunnþörfum sínum. Aðstoðin er veitt á grundvelli mats á aðstæðum og getur meðal annars tekið til nauðsynlegrar framfærslu og annarra brýnna þarfa.